

Stöðuskýrsla fráveitumála 2024



Stöðuskýrsla fráveitumála 2024

Nóvember 2025

Útgefandi: Umhverfis- og orkustofnun

Útgáfunúmer: UOS-2025:43

Suðurlandsbraut 24 Rangárvellir 2
108 Reykjavík 603 Akureyri

Sími 569 6000

www.uos.is

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
1 Samantekt	4
1.1 Hlutverk einstakra aðila	4
2 Staða fráveitumála 2024	5
2.1 Kröfur reglugerðar um fráveitur og skólp	5
2.2 Skipting hreinsiaðferða	8
2.3 Staða skólpamála í hverju þéttbýli	8
2.4 Síður viðkvæmir viðtakar	13
2.5 Seyra og ristarúrgangur	14
2.6 Verkefni næstu ára	14

1 Samantekt

Á tveggja ára fresti tekur Umhverfis- og orkustofnun saman upplýsingar um stöðu fráveitumála á Íslandi, í samstarfi við heilbrigðiseftirlit, sveitarfélög og rekstraraðila fráveitna. Heilbrigðiseftirlit taka saman upplýsingar á sínu svæði og Umhverfis- og orkustofnun tekur þau saman, birtir og skilar til Umhverfisstofnunar Evrópu (EEA).

Í samræmi við gagnaskil Evrópu eru einungis teknar saman niðurstöður frá þéttbýlum sem losa meira en 2.000 persónueiningar (pe.)¹. Árið 2024 ná gagnaskil til 29 þéttbýla sem losa um eða yfir 2000 pe. Það samsvarar um 344.237 íbúum sem er 90% af heildaríbúafjölda á Íslandi.

Úrbætur í fráveitu taka oft nokkurn tíma og því eru breytingar á milli gagnaskila frekar litlar eins og er. Greina má þó meiri áhuga og vilja til úrbóta í fráveitumálum. Eins og árið 2022 eru Borgarnes og Dalvík einu þéttbýlin sem uppfylla kröfur um hreinsun skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Viðkomandi þéttbýli eiga að uppfylla kröfur um viðeigandi hreinsun sem í þessum tilfellum er grófhreinsun. Auk þess voru viðtakar fyrir fráveitu Akraness og hluta höfuðborgarsvæðisins samþykktir sem síður viðkvæmir og með þeirri gagnaöflun sem fram fór var hægt að staðfesta mjög gott vistfræðilegt ástand vatnshlotanna

Verkefni næstu ára í fráveitumálunum eru fjölmörg en nú þegar er rammi um innleiðingu og kröfur um hreinsun skýrari. Mikilvægt er að ljúka við endurskoðun á reglugerð um fráveitur og skólp og gefa út og/eða uppfæra starfsleyfi fyrir fráveitur.

1.1 Hlutverk einstakra aðila

Sveitarfélög bera ábyrgð á uppbyggingu fráveitna og skulu koma á fót og reka sameiginlega fráveitu í þéttbýli, sbr. lög nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Eigendur fráveitna eru ábyrgir fyrir því að losun frá þeim sé í samræmi við ákvæði um hreinsun í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp með síðari breytingum og skilyrði sem sett hafa verið í starfsleyfi viðkomandi fráveitu.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga eru starfsleyfisveitendur fyrir fráveitur, útrásardælustöðvar og skólphreinsistöðvar, sbr. reglugerð nr. 550/2008 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Heilbrigðisnefndir hafa eftirlit með fráveitum (sem losa meira en 50 pe.) og skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að skólp verði hreinsað í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólp. Nefndirnar geta beitt þvingunarúrræðum til að knýja fram ráðstafanir samkvæmt reglugerðinni í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

¹ Persónueining (pe.) er magn lífrænna efna, næringarsalta og annarra efna sem samsvarar því sem einn einstaklingur er að jafnaði talinn losa frá sér á sólarhring. Ein pe. af lífrænu efni er það magn lífrænna efna í skólpi sem getur brotnað niður líffræðilega með 60 g súrefnis á dag mælt með 5 sólarhringa lífefnafræðilegri súrefnisnotkun.

Umhverfis- og orkustofnun hefur yfirumsjón með framkvæmd reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að skólp verði hreinsað eftir því sem við á. Umhverfis- og orkustofnun hefur samræmingar- og leiðbeinandi hlutverk og styður við heilbrigðinefndir þegar þess þarf.

2 Staða fráveitumála 2024

Árið 2024 ná gagnaskil til 29 þéttbýla sem losa um eða yfir 2000 pe. Það samsvarar um 344.237 íbúum sem er 90% af heildaríbúafjölda á Íslandi. Úrbætur í fráveitu taka oft nokkurn tíma og því eru breytingar á milli gagnaskila frekar litlar eins og er. Greina má þó meiri áhuga og vilja til úrbóta í fráveitumálum.

Til að auðvelda innleiðingu og eftirfylgni ákvæða laga og reglugerða hafa verið gefnar út ýmiskonar leiðbeiningar í samstarfi við ýmsa aðila s.s. heilbrigðiseftirlit, sveitarfélög, rekstraraðila og fleiri. Sjá lista hér að neðan:

- Leiðbeiningar um [útreikninga á magni skólps frá þéttbýlum](#) ásamt útreikniskjali.
- [Skilagátt fráveitumála](#) sem heilbrigðiseftirlit og rekstraraðilar geta skilað upplýsingum og gögnum í.
- Leiðbeiningar um [skilgreiningu fyrir síður viðkvæma viðtaka](#).
- Leiðbeiningar um [eftirlitsmælingar í hreinsistöðvum og vöktun í viðtaka](#).
- Leiðbeiningar um [minni fráveitur](#) (lítillega uppfærðar leiðbeiningar verða gefnar út árið 2024).
- [Samræmd starfsleyfis skilyrði fyrir fráveitur](#) (eins þreps hreinsistöðvar, tveggja þrepa hreinsistöðvar, ítarleg hreinsun og viðeigandi hreinsun).
- Leiðbeiningar fyrir [losunarstaði ferðasalerna](#).
- [Kortasjá fráveitu](#) er í þróun, hægt er að sjá staðsetningar útrása, hreinsistöðva og ferðasalerna á korti. Unnið verður áfram með kortasjána til að tryggja sem besta upplýsingagjöf.
- [Leiðbeiningar um olíuskiljur](#).

2.1 Kröfur reglugerðar um fráveitur og skólp

Samkvæmt 7. gr. reglugerðar um fráveitur og skólp er almenna reglan sú að skólp skuli hreinsað með tveggja þrepa hreinsun eða sambærilegri hreinsun áður en því er veitt í viðtaka. Sé viðtaki skilgreindur síður viðkvæmur skal skólp hreinsað með a.m.k. eins þreps hreinsun eða hreinsun sem nær sambærilegum árangri. Ef viðtaki er skilgreindur sem viðkvæmur eða nýtur sérstakrar verndar s.s. vegna nytja af ýmsu tagi, s.s. lífríkis, jarðmyndana eða útivistar, skal komið á ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa. Kröfur um hreinsun eru settar í samræmi við magn skólps og viðkvæmni viðtaka.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að mikilvægt er að nota rétt hugtök þegar talað er um grófhreinsun og eins þreps hreinsun. Hreinsunin er ekki sambærileg enda er grófhreinsun aðeins ætlað að sía frá aðskotahluti og úrgang úr fráveituvatni áður en það fer til frekari hreinsunar. Tilgangur eins þreps hreinsunar er, til viðbótar við grófhreinsun að botnfella svifagnir og lífrænt efni, svo það nái lækkun á BOD_5 ² gildi skólps um a.m.k. 20% og heildarmagn svifagna um a.m.k. 50% áður en skólp er losað. Að mati Umhverfis- og orkustofnunar getur tæknibúnaður til grófhreinsunar verið fullnægjandi sem eins þreps hreinsun ef hreinsunin uppfyllir kröfur um lækkun á BOD_5 og svifögnum. Ef þær kröfur eru ekki uppfylltar er ekki hægt að skilgreina hreinsunina sem eins þrepa. Tæknibúnaður til grófhreinsunar hreinsar almennt afar lítið af lífrænu efni og svifögnum, en sigtar fyrst og fremst stærri ruslagnir úr skólpinu. Niðurstöður skýrslu um stöðu fráveitumála á Íslandi endurspeglar þá túlkun Umhverfis- og orkustofnunar.

² Líffræðileg súrefnisþörf (BOD_5) er mælikvarði fyrir magn lífrænna efna í vatni mælt með staðlaðri aðferð.

Tafla 1: Yfirlit yfir helstu kröfur reglugerðar sem teknar eru saman í stöðuskýrslu og staða á framkvæmd hennar.

Helstu kröfur reglugerðar um fráveitur og skólp	Samantekt um stöðu mála
Kröfur um hreinsun á skólpi. Meginreglan er tveggja þrepa hreinsun en með ákveðnum sérreglum er hægt að beita vægari hreinsun (eins þreps hreinsun) og meiri hreinsun þegar svæði eru viðkvæm (ítarleg hreinsun). Kröfur um hreinsun eru settar í samræmi við magn skólps og viðkvæmni viðtaka.	Tvö þéttbýli teljast uppfylla kröfur um hreinsun sem til þeirra eru gerðar þ.e. eftir því sem við á (viðeigandi, eins þreps, tveggja þrepa eða ítarlega hreinsun).
Skilgreining viðtaka sem síður viðkvæms. Þar sem losun er meiri en 10.000 pe. í strandsjó og milli 2.000 og 10.000 pe. í ármynni og viðtakinn talinn það góður að hann eyði og dreifi skólpinu vel, geta sveitarfélög óskað eftir skilgreiningu á viðtaka sem síður viðkvæmum en þá geta vægari hreinsunarkröfur (eins þrepa) gilt (gr. 20.3).	Níu þéttbýli geta fengið viðtaka skilgreindan síður viðkvæman ef gögn fyrir viðtaka styðja slíka skilgreiningu. Endurskoðað skal skilgreiningu um síður viðkvæma viðtaka á fjögurra ára fresti. Þrjú þéttbýli eru með gilda skilgreiningu á viðtaka, tvö fengu samþykktu skilgreiningu árið 2025 og tvö þéttbýli eru að safna gögnum til að hægt sé að meta ástand viðtakans/vatnshlotsins.
Kröfur um lengd og staðsetningu útrásar. Losun skólps beint í fjörur eða hafnir getur haft skaðleg áhrif á heilsufar fólks og dýra. Útrásarop eiga að ná nógu langt út í viðtaka (gr. 9.2) til að tryggja góða dreifingu og þynningu skólpsins og koma þannig í veg fyrir möguleg skaðleg áhrif skólps.	Ekki hefur farið fram greining á því hvort öll þéttbýlin standast kröfur um útrásir en upplýsingar frá heilbrigðiseftirlitum sýna að flest þeirra uppfylla líklega ekki kröfur um lengd útrása og ennþá er nokkuð um að útrásir séu inni í höfnum. Sjá má staðsetningu útrása sem vitað er um á kortasjá Umhverfis- og orkustofnunar.
Vöktun í viðtaka og mælingar í skólphreinsistöð. Eftirlit skal haft með með virkni hreinsunar í hreinsistöðvum og vakta viðtaka sem hafa verið skilgreindir síður viðkvæmir (gr. 27). Eftirlit í hreinsistöðvum er afar mikilvægt til að fylgjast með hreinsun og vöktun í viðtaka og segir til um ástand hans og hvort losunin hafi neikvæð áhrif á umhverfið.	Ekki hefur farið fram ítarleg greining á því hvort öll þéttbýlin standast kröfur um vöktun en upplýsingar frá heilbrigðiseftirlitum sýna að fæst sveitarfélögin eru að gera mælingar í fráveitu eða vakta viðtaka. Unnið hefur verið að því að samræma vöktun í viðtaka við kröfur laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.
Allar fráveitur yfir 50 pe. eiga að vera með starfsleyfi í samræmi við lög nr. 7/1998 þar sem kröfur um hreinsun og eftirlit eru settar fram.	Heilbrigðiseftirlitin vinna nú að því að uppfæra og gefa út ný starfsleyfi fyrir fráveitur. Í næstu gagnaskilum verður gerð frekari grein fyrir þeirri vinnu.

2.2 Skipting hreinsiaðferða

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá skiptingu hreinsiaðferða sem þessi 29 þéttbýli beita (miðað við íbúafjölda). Skiptingin byggir á því hver raunveruleg hreinsiaðferð í þéttbýli er, ekki hvort hún sé í samræmi við kröfur um hreinsun. Þá má nefna að einhver þéttbýli eru með hreinsun frá hluta þéttbýlissvæðisins og einhver hafa mismikla hreinsun innan þéttbýlissvæðis.

Tafla 1: Fjöldi íbúa tengdir hreinsiaðferð.

Gerð hreinsunar	Íbúafjöldi	Skipting hreinsiaðferða
Engin hreinsun	48.273	14%
Grófhreinsun	285.208	82%
Eins þreps hreinsun	4.465	1%
Tveggja þrepa hreinsun	9.427	3%
Frekari hreinsun	-	-
Samtals	347.373	100%

2.3 Staða skólpamála í hverju þéttbýli

Í töflunni hér fyrir neðan eru teknar saman helstu upplýsingar fyrir hvert þéttbýli. Byggt er á upplýsingum sem heilbrigðiseftirlit og Umhverfis- og orkustofnun búa yfir eða koma frá sveitarfélögum/rekstraraðilum. Útreikningar fyrir persónueiningar eru gerðir í samræmi við leiðbeiningar um útreikning á skólpmagni frá þéttbýlum³.

Vegna þess hve persónueiningafjöldi breytist ár frá ári (sér í lagi þegar um útreikninga er að ræða) þá eru tvö þéttbýli tekin með til viðbótar, sem losa rétt undir 2.000 pe.

³ Fjöldi pe. í þéttbýlum samanstendur af fjölda íbúa, fjölda gistirýma og losun frá matvælaíðnaði sem losar inn á kerfi sveitarfélaga. Ef iðnaður er með eigin útrás er þeim tölum skilað sérstaklega þar sem losun er yfir 4.000 pe. Sama nýtingarhlutfall fyrir gistirými var notað fyrir árið 2024 og árið 2018.

Tafla 2: Yfirlit yfir stöðu skólpamála hjá þéttbýlum sem losa meira en 2.000 persónueiningar af skólpi.

Staða fráveitumála á Íslandi árið 2024								
Heilbrigðis- eftirlit	Þéttbýli yfir 2000 pe.	Fjöldi pe.	Íbúa- fjöldi	Síður viðkvæmur viðtaki	Hreinsunar- kröfur	Núverandi hreinsun	Frekari upplýsingar	Starfs- leyfi
HEV	Akranes	31.248	8.159	Viðtaki skilgreindur sem síður viðkvæmur til 2029 þegar næsta endurmat þarf að fara fram, vatnshlotið er staðfest í mjög góðu vistfræðilegu ástandi.	Eins þreps hreinsun með hreinsun á BOD ₅ og svifögnum	Grófhreinsun	Grófhreinsun frá um 96% þéttbýlisins. Síun á rusli, sandfelling og fitufleyting. Mælingar: Rennslismælingar með síritum. Efnagreiningar: blandsýni tekin ársfjórðungslega úr hreinsuðu skólpi. Nær ekki lækun á svifögnum um 50% og lífrænu efni um 20% (BOD ₅).	Já
	Borgarnes	3.529	2.147	Venjulegur viðtaki	Viðeigandi hreinsun	Grófhreinsun	Grófhreinsun með síun á rusli, sandfellingu og fitufleytingu. Mælingar: Rennslismælingar með síritum. Efnagreiningar: Blandsýni tekin ársfjórðungslega úr hreinsuðu skólpi.	Já
	Stykkishólmur	2.333	1.170	Venjulegur viðtaki	Viðeigandi	Engin	Engin hreinsun og margar útrásir	Nei
	Ólafsvík	3.195	977	Venjulegur viðtaki	Viðeigandi	Engin	Engin hreinsun og margar útrásir	Nei
HEVF	Ísafjörður	2.881	2.679	Á ekki við	Viðeigandi	Engin	Engin hreinsun og margar útrásir virkar. Samþykkt hefur verið framkvæmdaáætlun til 2030 um að sameina útrásir á Ísafirði og færa þær flestar úr Skutulsfirði innri (Pollinum). Einnig að skólpið verði hreinsað áður en það er losað.	Nei
HNV	Hvammstangi	1.939	607	Á ekki við	Viðeigandi	Engin	Hvammstangi er með tvær megin útrásir og fimm minni útrásir. Grófhreinsun er frá iðnaðarhverfi syðst annars er engin hreinsun á skólpi nema grófhreinsun frá matvælaíðnaði.	Nei
	Blönduós	1.935	834	Á ekki við	Viðeigandi	90% grófhreinsun	Tvær megin útrásir, 90% af skólpinu fer í gegnum hreinsistöð sem grófhreinsar skólpið, austanmegin við ána. 10% skólps hefur enga hreinsun.	Já
	Sauðárkrókur	25.466	2.612	Sveitarfélag vinnur að skilgreiningu á viðtaka sem síður viðkvæmum.	Tveggja þrepa hreinsun	Engin	Á meðan viðtaki er ekki skilgreindur síður viðkvæmur þá er hreinsunarkrafan tveggja þrepa. Sveitarfélagið vinnur nú að skilgreiningu á viðtaka sem síður viðkvæmum. Ef vöktun sýnir góða hæfni viðtakans til að taka við og dreifa skólpi þá geta vægari hreinsunarkröfur gilt eða eins þreps hreinsun. Í dag er engin hreinsun og margar útrásir virkar. Hreinsun hjá matvælaíðnaði.	Nei
	Siglufjörður	2.160	1.165	Á ekki við	Viðeigandi	Engin	Ristarhreinsun (2 cm möskvastærð) og tvær megin útrásir. Hreinsun hjá matvælaíðnaði.	Nei

HNE	Dalvík	9.840	1.360	Á ekki við	Viðeigandi	Grófhreinsun	Hreinsistöð með grófhreinsun var sett í gang á árinu 2020 (1-6 mm hreinsun).	Já
	Akureyri	99.700	19.896	Viðtaki skilgreindur síður viðkvæmur til 2026 þegar næsta endurmat þarf að fara fram. Vatnshlotið Eyjafjarðarbotn er skilgreint í mjög góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi	Eins þreps hreinsun með hreinsun á BOD ₅ og svifögnum	Grófhreinsun/eins þreps hreinsun	Hreinsistöð sem tekur við öllu skólpi frá Akureyri var opnuð haustið 2020. Þar fer fram grófhreinsun á skólpi og sandfelling. Mælingar á virkni hreinsunar fara fram mánaðarlega og sýna að hreinsunin nær að lækka magn BODs um meira en 20% og ná næstum því kröfum um lækun á svifögnum. Frekari upplýsingar vantar til að skera úr um hvort allar kröfur séu uppfylltar.	Já
	Húsavík	6.514	2.449	Á ekki við	Viðeigandi	Engin	Á að vera viðeigandi hreinsun en er engin.	Nei
	Þórshöfn	6.221	345	Á ekki við	Viðeigandi	Engin	Á að vera viðeigandi hreinsun en er engin.	Nei
	Egilsstaðir	31.254	2.632	Á ekki við	Tveggja þrepa hreinsun	Ekki fullnægjandi 2 þrepa	Á að vera tveggja þrepa hreinsun. Um 60% skólps frá Egilsstöðum og Fellabæ er hreinsað með tveggja þrepa hreinsun. Um 40% með eins þreps hreinsun þ.e. að það fer í rotþrær en er ekki með siturlögn. Skólplosun er þó oft á yfirfalli en hreinsivirki anna ekki magni vatnsblandaðs skólps sem í þau koma. Hafin er vinna við byggingu á nýrri skólphreinsistöð sem mun hreinsa með tveggja þrepa hreinsun, skólp frá bæði Egilsstöðum og Fellabæ.	Já
HAUST	Neskaupsstaður	2.404	1.460	Á ekki við	Viðeigandi	Engin	Á að vera viðeigandi hreinsun en er engin og margar útrásir frá þéttbýlinu.	Nei
	Höfn í Hornafirði	2.972	1.764	Sveitarfélag vinnur að skilgreiningu á viðtaka sem síður viðkvæmum fyrir lok árs 2025.	Tveggja þrepa hreinsun	Engin	Á að vera tveggja þrepa hreinsun vegna losunar í ármynni/ferskvatn. Sveitarfélagið vinnur nú að skilgreiningu á viðtaka sem síður viðkvæmum. Ef vöktun sýnir góða hæfni viðtakans til að taka við og dreifa skólpi þá geta vægari hreinsunarkröfur gilt eða eins þreps hreinsun. Grófhreinsun er komin fyrir hluta bæjarins en unnið er að því að tengja hinn hlutann inn á þá stöð líka, ætluð verklok eru fyrir lok árs 2025.	Já

HSL	Þorlákshöfn	17.810	2.182	Sveitarfélag þarf að skila inn ósk um skilgreiningu á viðtaka sem síður viðkvæmum.	Tveggja þrepa hreinsun	Engin	Á að vera tveggja þrepa hreinsun vegna þess að viðtaki hefur ekki verið skilgreindur sem síður viðkvæmur. Ein virk útrás.	Nei
	Vestmanneyjar	31.502	4.470	Viðtaki skilgreindur síður viðkvæmur til 23. júní 2026	Eins þreps hreinsun með hreinsun á BOD ₅ og svifögnum	Grófhreinsun	Gróf rist hreinsar skólpið frá meirihluta þéttbýlisins (75%). Iðnaðurinn losar inn á kerfi þéttbýlisins. Skólp er ekki hreinsað frá Hamarshverfi og er losað út um útrás þar.	Já
	Selfoss	47.100	10.414	Á ekki við	Tveggja þrepa hreinsun	Engin	Í dag er engin hreinsun en áætlanir eru í gangi um að setja upp tveggja þrepa hreinsun.	Nei
	Hveragerði	7.000	3.300	Á ekki við	Tveggja þrepa hreinsun	Ekki fullnægjandi 2 þrepa	Tveggja þrepa hreinsun, en óvíst hvort hreinsunarkröfur séu uppfylltar þ.e. að ná 90% lækkun á svifögnum og 70-90% lækkun á lífrænu efni (BOD ₅). Hreinsivirki annar ekki skólp magni sem hefur aukist með árunum, gerlamengun í Varmá er há og töluvert af lyfjaleifum finnast þar einnig (skýrsla frá UST um Efni í vatni).	Já
	Hella	4.938	1.049	Á ekki við	Tveggja þrepa hreinsun	Grófhreinsun	Á að vera tveggja þrepa hreinsun en er í dag aðeins grófhreinsun. Ein virk útrás. Munu leggja fram úrbótaáætlun á næstu árum í samræmi við aðgerðaáætlun vatnaáætlunar.	Já
	Hvolsvöllur	2.474	1.124	Á ekki við	Tveggja þrepa hreinsun	Ekki fullnægjandi 2 þrepa	Tveggja þrepa hreinsun en ófullnægjandi forhreinun þ.e. á rusli og viðtaki ekki góður, töluverð bakteríumengun í skurðum. Ein virk útrás. Óvíst hvort hreinsunarkröfur séu uppfylltar þ.e. að ná 90% lækkun á svifögnum og 70-90% lækkun á lífrænu efni (BOD ₅). Skortur á mælingum. Munu leggja fram úrbótaáætlun árið 2024.	Já
HES	Grindavík		3.575	Sveitarfélag þarf að skila inn ósk um skilgreiningu á viðtaka sem síður viðkvæmum.	Tveggja þrepa hreinsun	Engin	Sökum aðstæðna og óvissu um losun eru tölur fyrir losun frá Grindavík ekki uppfærðar síðan 2022. Engin hreinsun og þrjár útrásir virkar.	Nei
	Sandgerði	3.701	1.990	Á ekki við	Viðeigandi	Engin	Engin hreinsun og tvær virkar útrásir.	Nei
	Garður	4.232	1.860	Á ekki við	Viðeigandi	Engin	Engin hreinsun og tvær virkar útrásir.	Nei
	Reykjanesbær	27.976	21.847	Sveitarfélag þarf að skila inn ósk um skilgreiningu á viðtaka sem síður viðkvæmum.	Tveggja þrepa hreinsun	Grófhreinsun frá hluta þéttbýlis	Á meðan viðtaki er ekki skilgreindur síður viðkvæmur þá er hreinsunarkrafan tveggja þrepa. Hreinsun er á um 42% af skólpi eða frá Njarðvík, 58% fær enga hreinsun sem er að mestu leyti Keflavík. Alls eru um 10-12 útrásir virkar. Sveitarfélagið hefur sett fram aðgerðaáætlun um sameiningu útrása og uppbyggingu tveggja þrepa hreinsistöðvar sem ætlunin er að ljúka árið 2031.	Nei

HEF	Hafnarfjörður	49.885	30.525	Viðtaki samþykktur og skilgreindur síður viðkvæmur til 1. janúar 2026 þegar næsta endurmat þarf að fara fram.	Eins þreps hreinsun með hreinsun á BOD ₅ og svifögnum	Grófhreinsun	Allt skólp frá bænum fer í gegnum eina hreinsistöð. Ristarúrgangi, fitu og sandi er safnað saman og urðað eða brennt. Ekki er vitað hvort hreinsikröfur séu uppfylltar þ.e. að gildi fyrir svifagnir lækki um 50% og lífrænt efni um 20% (BOD ₅).	Já
	Álftanes	2.530	2.530	Á ekki við	Viðeigandi	Engin hreinsun/ eins þreps hreinsun	Fráveita á Álftanesi fer í rotþrær og út í sjó um 6 útrásir. Útrásir flestar út í fjöru, nema við Hrakhólma, þar fer skólp út í sjó óhreinsað. Engin siturbeð nema kannski við einstaka hús. Garðabær og Veitur hafa skrifað undir viljayfirlýsingu um að fráveita á Álftanesi tengist Skerjafjarðarveitu og er vinna við það hafin.	Nei
HER HEF	Höfuðborgar- svæðið (Reykjavík, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Garðabær (án Álftaness)	352.440	209.115	Viðtaki skilgreindur sem síður viðkvæmur árið 2025 einnig er vatnshlotið staðfest í mjög góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi.	Eins þreps hreinsun með hreinsun á BOD ₅ og svifögnum	Grófhreinsun	Skólp frá þéttbýlunum fer í gegnum hreinsistöðvarnar við Ánanaust og Klettagarða. Ristarúrgangi, fitu og sandi er safnað og urðað. Vatn er pressað úr ristarúrgangi áður en hann fer til úrgangsmeðhöndlunar. Efnagreiningar: blandsýni tekin 2x í mánuði (24 sinnum yfir árið) úr hreinsuðu skólpi. Hreinsikröfur þ.e. að gildi fyrir svifagnir lækki um 50% og lífrænt efni um 20% (BOD ₅) eru ekki uppfylltar.	Já

2.4 Síður viðkvæmir viðtakar

Árið 2024 voru þrjú þéttbýli komin með samþykktu skilgreiningu á viðtaka sem síður viðkvæmum og tvö til viðbótar fengu viðtaka skilgreindan vorið 2025.

Almennt eru allir viðtakar venjulegir eða þar til rannsóknir og gögn sýna fram á að svæði er annað hvort viðkvæmt eða síður viðkvæmt. Sveitarstjórnir sem losa yfir 10.000 pe. í sjó og losa milli 2.000 til 10.000 í ármynni geta óskað eftir því að fá viðtaka skólps skilgreindan sem síður viðkvæman og gilda þá vægari losunarkröfur þ.e. eins þreps hreinsun í stað tveggja þrepa. Þá skal viðtakinn vaktaður fyrir mögulegum neikvæðum áhrifum og endurskoðun á skilgreiningu skal fara fram á fjögurra ára fresti. Verði viðtaki ekki lengur skilgreindur sem síður viðkvæmur skal tveggja þrepa hreinsun komið á innan sjö ára frá því að skilgreiningu er breytt. Níu þéttbýli falla innan þeirrar skilgreiningar að geta óskað eftir að viðtaki verði skilgreindur sem síður viðkvæmur og geta sent beiðni um slíkt til Umhverfis- og orkustofnunar. Hvaða gögnum skal skila má sjá í *Leiðbeiningum fyrir skilgreiningu á síður viðkvæmum viðtaka* sem má nálgast á heimasíðu Umhverfis- og orkustofnunar. Í töflunni fyrir neðan má sjá þéttbýlin sem um ræðir.

Tabel 2: Yfirlit yfir stöðu skilgreiningar á viðtaka sem síður viðkvæmur. Grænt lokið, appelsínugult í vinnslu og rautt ekki hafið.

Þéttbýli		Staðan á síður viðkvæmum viðtaka
Akranes		Viðtaki skilgreindur síður viðkvæmur til 2029 þegar næsta endurmat þarf að fara fram.
Akureyri		Viðtaki skilgreindur síður viðkvæmur til 2026 þegar næsta endurmat þarf að fara fram.
Grindavík		Sökum aðstæðna er ekki krafist skilgreiningar að svo stöddu. Sveitarfélag þarf að skila inn beiðni um skilgreiningu á viðtaka sem síður viðkvæmum ef vilji er til þess að vera með eins þreps hreinsun í stað tveggja þrepa.
Hafnarfjörður		Viðtaki skilgreindur síður viðkvæmur til 2026 þegar næsta endurmat þarf að fara fram.
Höfn í Hornafirði		Unnið er að gagnaöflun/vöktun til að skilgreina viðtaka sem síður viðkvæmur. Áætluð lok 2026.
Reykjanesbær		Sveitarfélag þarf að skila inn beiðni um skilgreiningu á viðtaka sem síður viðkvæmum ef vilji er til þess að vera með eins þreps hreinsun í stað tveggja þrepa.
Reykjavík/Veitur		Viðtaki skilgreindur síður viðkvæmur til 2029 þegar næsta endurmat þarf að fara fram.
Sauðárkrókur		Unnið er að gagnaöflun/vöktun til að skilgreina viðtaka sem síður viðkvæmur. Áætluð lok 2026.
Vestmannaeyjar		Viðtaki skilgreindur síður viðkvæmur til 2026 þegar næsta endurmat þarf að fara fram.

2.5 Seyra og ristarúrgangur

Í úrgangstölum frá úrgangsmeðhöndlunaraðilum er úrgangsflokkurinn ristarúrgangur og seyra. Sú tölfræði hentar ekki til að ná utan um þá auðlind sem seyrar er eða magn úrgangs sem fer í gegnum fráveitukerfið. Árið 2024 er seyra og ristarúrgangur skráð í sama úrgangsflokki og því erfiðara að fá réttar upplýsingar um magn seyrar. Í samræmi við skilgreiningu á seyrar í reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyrar og leiðbeiningarrit Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins (Guidance document on waste classification (EWC-Stat categories) um flokkun úrgangs (List of waste númer) var ákveðið að aðskilja úrgangsflokkana tvo til til að bæta úrgangstölfræðina.

Vegna þess að ristarúrgangur og seyra hefur verið í sama úrgangsflokki hefur ekki verið hægt að taka saman upplýsingar um magn seyrar nema frá þeim stöðum sem eru með tveggja þrepa hreinsun. Skortur er á upplýsingum um magn seyrar, hvar hún fellur til og hvernig hún er meðhöndluð (fargað eða nýtt). Í flestum tilfellum er seyrar ekki safnað heldur er hún losuð út í sjó eða vatn íblönduð fráveituvatni. Því þarf að afla upplýsinga sérstaklega um magn seyrar sem fellur til.

Magn úrgangs sem berst í fráveitu, þ.e. ristarúrgangur, jókst töluvert frá 2018 til 2022 en árið 2022 fengust tölur frá þremur þéttbýlum þar sem alls 373 tonn af úrgangi var safnað saman og hann urðaður.

2.6 Verkefni næstu ára

Verkefni næstu ára í fráveitumálunum eru fjölmörg en nú þegar er rammi um innleiðingu og kröfur um hreinsun skýrari. Mikilvægt er að ljúka við endurskoðun á reglugerð um fráveitur og skólp og gefa út og/eða uppfæra starfsleyfi fyrir fráveitur.

Í Vatnaáætlun Íslands 2022-2027 er fráveita skilgreind sem einn helsti álagsþáttur á vatn á Íslandi. Unnið hefur verið að ýmsum verkefnum til að ýta á eftir úrbótum og sum þeirra eru sett fram í aðgerðaáætlun vatnaáætlunar (sjá töflu 1). Aðgerðirnar snúa flestar að því að koma fráveitumálum almennt í gott horf á Íslandi en síðan eru nokkrar aðgerðir sem snúa beint að ákveðnum þéttbýlum sem losa fráveituvatn í vatnshlot sem skilgreind hafa verið í óvissu.

Tabel 3: Yfirlit yfir stöðu verkefna í aðgerðaáætlun vatnaáætlunar. Grænt lokið, appelsínugult í vinnslu.

Nr.	Heiti verkefnis	Staða verkefnis
E1	Verklag við flokkun viðkvæmra svæða.	Unnið 2024-2025
E2	Flokkun viðkvæmra svæða	Unnið 2024-2025
E3	Leiðbeiningar fyrir skilgreiningu síður viðkvæmra svæða	Lokið
E4	Leiðbeiningar fyrir minni hreinsivirki	Lokið
E5	Leiðbeiningar um eftirlitsmælingar og vöktun fyrir fráveitur	Lokið
E6	Samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir fráveitur	Lokið
E7	Starfsleyfi fyrir fráveitur	Í vinnslu, forgangsröðun hjá heilbrigðiseftirlitum hafin
E8	Forgangsröðun fráveituframkvæmda og eftirfylgni	Í vinnslu, unnið eftir forgangsröðun sem eru stærstu þéttbýlin.
E9	Kynning á kröfum nýrrar reglugerðar um fráveitur og skólp	Þegar ný reglugerð kemur út.
E10	Hvolsvöllur - hreinsun fráveituvatns	2021- 2027, Mælingar í viðtaka og sett verði fram úrbóta áætlun um hreinsun fráveituvatns.
E11	Hella - hreinsun fráveituvatns	2022- 2027, mælingar á fráveituvatni fari fram, skoðun á aukinni hreinsun í matvælaiðnaði og aðgerðaáætlun um aukna fráveituhreinsun.
E12	Selfoss - hreinsun fráveituvatns	Verði lokið 2025
E13	Ísafjörður - hreinsun fráveituvatns	Verði lokið 2030
E14	Akureyri - hreinsun fráveituvatns	Lokið. Mjög gott vistfræðilegt og gott efnafræðilegt ástand vatnshlotsins Eyjafjarðarbotn staðfest. Reglulegri vöktun á gæðapáttum framhaldið.
E15	Egilsstaðir - hreinsun fráveituvatns	Verði lokið 2024, en tímaáætlun í dag er 2026.